

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. saksóknarlaun til ríkissjóðs, að fjárhæð 12.000.00 krónur, en málið flutti af hálfu ákærvaldsins Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari, og réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, að fjárhæð 24.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallgrímur Ingi Hallgrímsson, sæti fangelsi í 10 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 6. desember 1981 til 7. desember 1982 dregst frá refsingunni að fullu.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. saksóknarlaun til ríkissjóðs, að fjárhæð 12.000.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, að fjárhæð 24.000.00 krónur.

Föstudaginn 30. september 1983.

Nr. 161/1983. **Ríkissaksóknari**

gegn

**yfirsakadómaranum í Reykjavík og
Eggert Bjarna Arnórssyni.**

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru, sem skráð er í sakadómsbók 30. ágúst 1983, en vitneskju um dóminn hafði hann ekki fengið fyrr en daginn áður. Hann krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómara verði dæmt skylt að taka málið til dómsmeðferðar og til uppsögu efnisdóms samkvæmt ákæruskjali, útgefnu 2. júní 1983, á hendur varnaraðilja, Eggert Bjarna Arnórssyni.

Varnaraðili, Eggert Bjarni, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, dags. 30. ágúst 1983, en frá yfirsakadómaranum í Reykjavík hefur engin greinargerð borist.

Engir annmarkar eru á ákæru í máli þessu, sem verða máttu til þess, að dómari synjaði að láta birta ákærana og þingfesta að því búnu málið á hendur varnaraðilja, Eggert Bjarna, eftir því sem fyrir er mælt í 3. mgr. 115. gr. og 121. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. 19. gr. og 23. gr. laga nr. 107/1976. Athugast í því sambandi, að geðhagir sökunauts og þá sérstaklega sakhæfi hans eru meðal þeirra atriða, sem rannsókn fyrir dómi hlýtur að beinast að eftir því sem tilefni reynist til, sbr. d lið 2. tl. 75. greinar laga nr. 74/1974.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að birta varnaraðilja, Eggert Bjarna, ákæruskjal í málinu og taka það til dómsmeðferðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að birta varnaraðilja, Eggert Bjarna Arnórssyni, ákæruskjal, útgefið 2. júní 1983, og taka málið til dómsmeðferðar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. júní 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 28. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 260/1983: Ákærvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. júní sl., á hendur ákærða, „Eggert Bjarna Arnórssyni, refsifanga á Litla-Hrauni, til heimilis að Meistaravöllum 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 13. september 1954, fyrir að hafa aðfaranótt 9. ágúst 1982 við veitingahúsið Hollywood, Ármúla 5 í Reykjavík, ráðist á Guðmund Gígju rannsóknarlögreglu-mann, út af starfi hans sem lögreglufulltrúa við fíkniefnadeild lögreglunar í Reykjavík og afskiptum hans af ákærða í því starfi og slegið hann hnefahögg í andlit, svo að Guðmundur féll á höfuðið á steinsteypta stétt, missti meðvitund skamma stund, marðist á hnakka og hruflaðist á olnboga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 9. ágúst sl., um kl. 0126, er lögreglumenn óku fram hjá veitingahúsinu Hollywood, veittu þeir athygli manni, er lá þar á gangstéttinni, og héldu dyraverðir ákærða þar rétt hjá. Var ákærði færður í fanga-geymslur lögreglunnar, þar sem Guðmundur Gígja rannsóknarlögreglumaður kvað ákærða hafa selgið sig í andlitið. Guðmundur ritaði rannsóknarlögreglustjóra bréf, og segir svo í bréfinu: „Málavextir eru þeir, að ég var staddur í veitingahúsinu Hollywood í gærkvöldi ásamt eiginkonu minni. Um kl. 01:00 var ég á leið út úr húsinu, en stoppaði um stund við fata-geymslu hússins til að fá afhenta yfirhöfn. Þá fer Eggert Bjarni að tala við mig að fyrri bragði, en ég hafði ekki séð hann eða talað við hann fyrr um kvöldið. Eggert Bjarni lýsti því þarna, hvað honum þætti leitt að sjá mig enn á lífi og hvað það væri slæmt, að ekki væri búið að taka af mér hausinn. Síðan sagði hann: „Nú verður að fara að taka af þér hausinn.“ Meðan ég náði í yfirhöfn konu minnar, sagði Eggert Bjarni m. a. við hana, að ég væri „ópverri og skepna, sem ætti að þurrka af yfirborði jarðar.“

Á leið út úr veitingahúsinu sá ég Eggert Bjarna utan við húsið, og gekk ég þá þannig frá húsinu, að ég þyrfti ekki að koma nálægt honum til að losna við að hlusta frekar á hótanir hans. Síðan veit ég ekki frakar, hvað gerist fyrr en eitthvað síðar, að mér er sagt, að Eggert Bjarni hafi slegið mig í rot og ég við það fallið í götuna, en hann hafi verið handtekinn af lögreglu.

Áverkar mínir eftir þessa árás eru bólga á neðri kjálka, hægra megin, kúla á höfði og hrufla á vinstri olnboga. Minnisleysi um sjálfan atburðinn og höfuðverkur, sem ég er með, benda til snerts af heilahristingi.

Orsök þessarar árássar Eggerts Bjarna á mig má rekja til þess tíma, sem ég var lögreglufulltrúi í Fíkniefnadeildinni í Reykjavík. Eggert Bjarni var þá margoft handtekinn vegna meiri háttar brota á lögum um ávana- og fíkniefni. Þá og síðan hefur Eggert oft lýst því yfir, að hann ætlaði að drepa ákveðna starfsmenn Fíkniefnadeildarinnar og Sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum. Sagði hann m. a. oft, að hann hefði gert lista yfir þá menn, sem hann ætlaði að drepa, og væri ég yfirleitt efstur á listanum sem yfirmaður Fíkniefnadeildarinnar. Þessar hótanir ítrekaði Eggert margsinnis í samtölum við mig og starfsmenn Fíkniefnadeildarinnar og dómstólsins, t. d. Ásgeir Friðjónsson og Þórð Þórðarson dómara og Bjarnþór Aðalsteinsson, Magnús G. Kjartansson og Reyni Kjartansson rannsóknarlögreglumenn og fleiri.

Einnig skal bent á fíkniefnamál frá því í febr. 1980, þegar lagt var hald á allmargar túbur af dýnamíti, sem Eggert og bróðir hans Sumarliði höfðu undir höndum, að þeirra sögn í þeim tilgangi að sprengja upp heimili undirritaðs og fleiri starfsmanna Fíkniefnadeildar. Þá höfðu þeir þegar gert tilraun til að kanna sprengimátt dýnamítsins.

Þá skal einnig bent á það, að Sumarliði, bróðir Eggerts, hefur lýst áhyggjum sínum vegna þess, að Eggert sé full alvara með þessum hótunum og Sumarliði óttist, að Eggert láti verða af framkvæmdum.

Ég tel tvímælaust, að það sé þráhyggja hjá Eggert Bjarna, að hann verði að drepa framangreinda menn og árásin á mig hafi verið í samræmi við þá fyrirætlan. Ég tel einnig, að Eggert Bjarni sé alls ekki andlega heilbrigður, m. a. vegna fíkniefnaneyslu, og fullvíst, að hann hafi ætlað að ganga af mér dauðum, ef hann gæti.

Samkvæmt ofanskráðu kæri ég hér með Eggert Bjarna Arnórsson til refsingar fyrir hótanir, líkamsárás og ætlaða morðtilraun og áskil mér allan rétt til að koma fram með bótakröfur á síðara stigi þessa máls.“

Sama dag gaf ákærði skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og skýrði hann þannig frá:

„Mætti segir, að hér sé um að ræða rógburð og lygar af hálfu Guðmundar Gígja. Mætti kveðst vilja, að hann gefi aðra skýrslu, þar sem hann segi satt og rétt frá og dragi róg sinn til baka.

Mætti er beðinn um að svara því, hvort hann hafi slegið Guðmund Gígja í andlitið fyrir utan veitingahúsið Hollywood s. l. nótt.

Mætti segist hafa slegið til Guðmundar, þar sem hann hafi verið að forða sér í burtu. Mætti segist ekki hafa tekið eftir því, hvar höggið lenti, en segist reikna með, að það hafi lent á kinninni. Mætti segist hafa séð Guðmund óljóst á rassgatinu, annaðhvort í falli eða að rísa upp.

Mætti er spurður að því, hvort hann hafi slegið Guðmund af ásettu ráði og þá hver ástæðan hafi verið.

Mætti segist hafa slegið Guðmund af ásettu ráði. Þetta segist mætti hafa gert, vegna þess að í mörg undanfarin ár hafi hann reynt að fá þennan mann kærðan fyrir rógburð, lygar, þjófnað, lögreglusamsæri gegn fólki út í bæ. Fyrir að láta aðra sparka fólki úr embætti og fyrir barsmíðar og meiðyrði.

Mætti segir, að ekki hafi verið ætlun sín að valda Guðmundi miska með þessu höggi, heldur hafi ætlunin verið sú að stoppa hann af í að hlaupa í burtu. Jafnframt því að slá Guðmund þá kveðst mætti hafa unnið sér inn ástæðu til þess, að dómstóll mundi skipa rannsókn á hans embættismisferlum undir lögreglustjórninni. Þá einnig að rógberinn Guðmundur Gígja verði látinn gera reikningsskil á rógburði og lygaþvættingi og öðru misferli.

Mætti er spurður að því, hvort rétt sé eftir honum haft í skýrslu Guðmundar Gígja, að hann hafi ávarpað Guðmund inni í fyrrgreindu veitingahúsi og haft á orði, að leitt væri að sjá hann á lífi og síðan orðrétt „Nú verður að fara að taka af þér hausinn.“

Þetta segir mætti, að sé rógburður og lygar.

Mætti er þá spurður að því, hvort rétt sé, að hann hafi sagt við eiginkonu

Guðmundar Gígja, að Guðmundur væri óþverri og skepna, sem ætti að þurrka út af yfirborði jarðar.

Mætti segir, að þetta séu lygar og rógburður. Það, sem hann hafi sagt við Guðmund, hafi verið, að hann væri glæpadólgur, og við eiginkonu Guðmundar hafi hann sagt, að Guðmundur væri óþverri og skepna. Þegar mætti var leiddur út í lögreglubifreiðina framhjá mannþrönginni, þá hafi hann snúið sér við og sagt til Guðmundar „Þú morðingjatetur.“

Hér óskar mætti eftir að endurtaka fyrir kröfu sína um, að Guðmundur Gígja segi satt og rétt frá.

Mætti er inntur eftir því, hvað hæft sé í því, að mætti hafi áður verið með hótanir við Guðmund Gígja og aðra starfsmenn Fíkniefnadeildar og Sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, eins og fram kemur í skýrslu Guðmundar Gígja.

Mætti segir, að þetta séu hreinar og beinar óþverralygar og rangsnúningur á hans orðum. Í þessu sambandi vísar mætti til kærubréfa til dómsmálaráðherra, sem hann hafi sent á árinu 1980 og oft síðar í viðtölum.

Mætti er spurður að því, hvort hann hafi haft í hótunum um að sprengja heimili Guðmundar Gígja og annarra starfsmanna Fíkniefnadeildar í loft upp, eins og kemur fram í skýrslu Guðmundar Gígja.

Mætti kveðst vilja benda á skýrslu um þetta efni, sem liggja hjá ríkissaksóknara, þar sem málið hafi verið látið niður falla. Mætti kveðst krefjast þess, að Guðmundur Gígja verði kallaður fyrir dómstól og dæmdur fyrir undirritaðan lygaþvætting.

Að lokum er mætti spurður að því, hvort hann hafi haft í hótunum um að sprengja lögreglustöðina í Reykjavík í loft upp.

Mætti vísar aftur til 50 daga yfirheyrslu um það mál.

Mætti er spurður að því, hvenær hann hafi komið í fyrrgreindan skemmtistað í gærkvöldi og hvort og þá hve mikið áfengi hann hafi verið búinn að drekka, þegar hann sló Guðmund Gígja.

Mætti telur, að hann hafi komið á staðinn laust eftir kl. 24:00 og keypt sér Vodka í tvö glös, og segist hann hafa fundið til áfengisáhrifa, þegar umræddur atburður skeði. Mætti segir, að atburðurinn hafi orðið mun mildari fyrir það, að mætti hafi verið undir áhrifum áfengis, og verið í góðu skapi, þegar hann kom inn í húsið.“

Þann 9. ágúst sl. voru teknar skýrslur af Gunnari Ólafssyni og Stefáni Rúnari Bjarnasyni, dyravörðum í Hollywood, og báru þeir báðir, að ákærði hefði slegið Guðmund í andlitið.

Þriðjudaginn 10. ágúst gaf Guðmundur Gígja skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins og staðfesti kærubréf sitt.

Samkvæmt læknisvottorði, dagsettu 30. ágúst sl., fannst við skoðun á kæranda mar á hnakka og hrufi á vinstri ölboga.

Þann 19 apríl sl. endursendi ríkissaksóknari rannsóknarlögreglu ríkisins málið og krafðist þess, að teknar yrðu skýrslur af vitnunum Hjördísi Jónasdóttur, eiginkonu kæranda, og Ólöfu Oddsdóttur, Hraunteigi 3. Þá verði kærandi inntur eftir því, hvort hann geri bótakröfur í málinu, og kærða verði loks kynnt framkomin gögn í málinu.

Hjördís L. Jónasdóttir gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 17. maí sl. og skýrði þá þannig frá:

„Hún segist lítið geta sagt um þetta mál, því árásarmaðurinn hafi ráðist fyrirvaralaust að eiginmanni hennar og slegið hann í andlitið. Mætta segist þó hafa orðið þess vör, þegar þau hjónin voru að ná í yfirhafnir sínar eftir skemmtunina, að þessi maður var með leiðinda orðbragð við Guðmund og m. a. hafi hún heyrt manninn segja, að réttast væri að þurka Guðmund af yfirborði jarðar.

Mætta segir, að Guðmundur hafi hlegið að manninum, en ekki heyrt hann svara honum neinu. Mætta segist muna eftir því, að þegar Guðmundur var að fara niður útitröppurnar, þá hafi kærður staðið þar fyrir neðan tröppurnar, og segist hún hafa óttast, að maðurinn léti verða af hótunum sínum. Hún segist þá hafa snúið sér til eins af dyravörðum hússins og skýrt honum frá ótta sínum, þegar hún svo leit við aftur, þá hafi Guðmundur legið á stéttinni.

Mætta segir, að dyraverðirnir hafi strax hlaupið til og gripið kærða og haldið honum, þar til lögreglan kom, en hún hafi komið þarna að mjög fljótlega. Mætta segir, að Guðmundur hafi staulast fljótlega á fætur, en hann hafi greinilega verið ruglaður eftir árásina. Mætta segist hafa viljað láta Guðmund fara á Slysadeildina, en hann hafi ekki viljað það og þau farið strax heim. Mætta segist ekki hafa séð áverka á Guðmundi þarna um nóttina, en þegar farið var að gæta að því daginn eftir, hafi mátt sjá mar og bólgu í andliti hans.

Mætta segir, að með þeim hafi verið Ólöf Oddsdóttir, en mætta heldur, að hún geti lítið sagt um það, sem þarna skeði, annað en að kærði réðist á Guðmund og sló hann niður fyrir utan samkomuhúsið.

Mætta er innt eftir því, hvort umræddur árásarmaður hafi verið með ónæði, með símahringingum eða á annan hátt, á heimili þeirra

Mætta segist ekki hafa orðið þess vör, en eiginmaður hennar hafi haft orð á því við hana, að kærði hafi stundum áður verið með hótanir og ónæði við hann. Annað segist mætta ekki hafa að segja um þetta mál.“

Vitnið Ólöf Jóna Oddsdóttir gaf sama dag skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og skýrði þannig frá:

„Mætta segist muna eftir þessum atburði. Hún segist hafa farið í umrætt samkomuhús þetta kvöld með þeim Hjördísi og Guðmundi. Mætta segist hafa orðið vör við, að árásarmaðurinn hafi verið með hótanir við Guðmund

þar inni í húsinu og m. a. hafi hún heyrt hann hóta Guðmundi því að slá hann niður, þegar hann kæmi út.

Mætta er innt eftir því, hvort árásarmaðurinn hafi verið áberandi ölvaður, þegar umræddur atburður skeði. Jafnframt er hún innt eftir því, hvort hún sjálf og þau hjónin Hjördís og Guðmundur hafi verið búin að drekka mikið áfengi þar um kvöldið.

Mætta segist ekki hafa séð, að árásarmaðurinn væri áberandi ölvaður. Mætta segist hafa smakkað áfengi, en alls ekki í neinu óhófi. Mætta segir, að þau hjónin hafi smakkað áfengi, en telur sig geta fullyrt, að það hafi verið í hófi.

Mætta segir, að áður en þau fóru út úr húsinu, hafi hún farið til eins af dyravörðum hússins og beðið hann um að fylgjast með Guðmundi, á meðan hann kæmist út í leigubíl, til þess að kærði næði ekki til hans, eins og hann áður hafði hótad. Mætta segir, að kona Guðmundar hafi viljað láta kalla á lögregluna, en Guðmundur ekki viljað það.

Mætta er spurð að því, hvort hún hafi séð áverka á Guðmundi eftir árásina.

Mætta segist ekki hafa tekið eftir því og ekkert kannað það. Hún segir, að Guðmundur hafi fallið á hnakkann við höggið, sem maðurinn veitti honum. Guðmundur hafi rotast og verið nokkra stund að jafna sig. Mætta segir, að lögreglan hafi ekið henni heim skömmu síðar.“

Þann 18. maí sl. mætti kærandi hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og skýrði frá því, að hann teldi ekki ómaksins vert að leggja fram bótakröfu á hendur ákærða.

Þann 19. maí sl. fóru Gísli Guðmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og Gunnleifur Kjartansson rannsóknarlögreglumadur að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, þar sem ákærði afplánaði refsíðóm. Var ákærða kynnt framkomin gögn í málinu og hann inntur eftir því, hvað hann hefði frekar um málið að segja. Er þá eftirfarandi bókað eftir ákærða:

„Mætti segir, að svo að eitthvað réttlæti verði í þessu máli, þá víki rannsóknarlögreglan sem rannsóknaraðili vegna stórfelldrar hlutdrægni með óorðum í skýrslum, greinilega búið til af skýrslutaka, og þessu máli verði vísað til óhlutdrægra aðila. Jafnframt vill hann benda á, að í þeim skýrslum, sem lagðar hafa verið fyrir, séu það niðrandi unnar, að ekki verði komist hjá þeirri kröfu. Ennþá hafi skýrsla lögreglunnar í Reykjavík verið lögð fram í málinu, enda hafi lögreglan á sínum tíma orðið meiriháttar illir yfir þeirri skýrslutöku, enda ætlaði hún sér sjálf að vinna að þessu máli með sínu hugarfari og sínum vinnubrögðum. Þetta hafi mætta verið tjáð á lögreglustöðinni í Reykjavík af skýrslutaka þar.

Mætti vill benda á, að William Möller hafi heimtað skýrsluna strax úr

höndum skýrslutaka vegna blaðamanna, sem voru mættir á lögreglustöðina, sem voru kvaddir á staðinn af lögreglunni til ætlunar svertunar og eyðileggingar á mannorði þess að sitja í fangelsi, á meðan fréttaflutningur kæmist til prentunar í blöðum, og var jafnframt neitað að tala við blaðamenn sjálfir til að gefa rétta mynd af því ferli, sem leiddi til þess, að Guðmundur og hans líkir eigi löðrung skilið.

Þá vill mætti benda á, að hann hafi ekki í hyggju að greiða Guðmundi neinar bætur fyrir timburmenni né eftirköst af hans eigin sukki, en kæri hann jafnframt til skaðabótageiðslu á þeim rógburði, ærumeiðandi ummælum og mannsvertu, sem hann hafi valdið mætta með skrifum sínum með máli sínu, með athæfum sínum. Allt sé þetta gert í krafti lögreglustjórnunnar.

Mætti óskar eftir því, að dómur meti skaðabætur til mætta.

Þá kveðst mætti vilja benda á skýrslu, sem Guðmundur gefur í málinu. Guðmundur leyfir sér að benda á, að mætti sé meiriháttar afbrotamaður og stórglæpamaður yfir höfuð, sem hann telur sig hafa sannanir fyrir frá lögreglunni og skýrslum lögreglunnar. Jafnframt vilji hann vekja athygli á því, að samkv. lögum um opinbera starfsmenn þá er þeim hvergi gefin heimild til misnotkunar og rangtúlkunar á þeim skýrslum, sem gefnar hafa verið hjá því embætti, og þá vilji hann benda á refsilög, kafla um brot í opinberu starfi, dómsákvæði laga til heimildar dómara fyrir tveggja ára fangelsisdóm og allt að 6 fyrir slíkan rógburð og rangfærslu og misnotkun, sem hann sé hér með, og vísar í til staðfestingar sínu máli, í kærinni. Og mætta þykir það sjálfsagt, að dómari skoði þá þau lög, sem þessi aðili sé búinn að brjóta, greinilega eingöngu ætlaða til svertingar á mannorði mætta og hann fái þann dóm, sem lög kveða á um.

Þá kveðst mætti vilja benda á skýrslu Gísla Guðmundssonar, sem hann hengi aftan í skýrslu mætta til enn frekari svertunar á mannorði mætta, eins og greinilega sést, því sannleikurinn sé sá, að í bifreið þeirri, sem mætta var ekið í heim frá Hegningarhúsinu að heimili mætta, var mætti spurður að, hvort hann hefði í hyggju að hefna sín á Guðmundi með því að ráðast á heimili hans og börn eða búhluti. Kvað mætti ekki svo vera, en bað Gísla Guðmundsson sérstaklega fyrir því að skila því til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að hafa hemil á þessum lævísu rógbera, svo ekki hlytist frekari illyndi af hans hálfu. Skýrslu þessa lítur mætti á sem niðrandi þessa til þess að ennfrekar að eyðileggja mannorð mætta með útúrslunungi, sem greinilega kemur fram í því hugarfari, sem myndar þennan þesa.

Að lokum óskar mætti eftir því, að þessu máli verði vísað til löglegrar og óhlutrægrar meðferðar og skýrslutöku, sem er ekkert viðriðin lögreglunni í Reykjavík, Rannsóknarlögreglu ríkisins og sakadómsembætti í land-

inu og ennfremur viðriðinn ríkissaksóknara. Og verði þessu máli vísað til Dómsmálaráðuneytisins, sem samk. lögum má vísa því til sérstakrar dóm-rannsóknar.“

Í lok skýrslunnar bókar skýrslutaki, að erfitt hafi verið að taka heillega skýrslu af ákærða vegna vanstillingar hans og ofstopa.

Eins og að framan er rakið, má ljóst vera, að vafi leikur á því, að ákærði sé andlega heilbrigður. Þyrfti að leggja ákærða undir sérfræðilega læknis-rannsókn í þessu skyni, sbr. d lið 75. gr. laga nr. 74/1974.

Lög um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 gera ráð fyrir, að áður en opinbert mál er höfðað, hafi farið fram frumrannsókn, til þess að handhafa ákærvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómmeðferðar, svo sem segir í 32. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 107/1976. Þá segir í 115. gr. laga nr. 74/1974, að virðist ríkissaksóknara það, sem fram er komið með framhalds-rannsókn eða án hennar, nægilegt eða líklegt til sakfellis, semji hann ákæru, en láti annars við svo búið standa.

Eins og að framan er rakið, verður að telja, að frumrannsókn máls þessa sé ólokið, og ber því að vísa ákæru í máli þessu frá dómi.

D ó m s o r ð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá dómi.

Mánudaginn 3. október 1983.

Nr. 143/1982. **Auður R. Torfadóttir**

gegn

Hafsteini Hjaltasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Auður R. Torfadóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.